

Höfuðhögg, heilaáverkar og heilaskaði

Höfuðhögg er algengasta orsök heilahristings og alvarlegri heilaáverka. Heilahristingur, með einkennum, svo sem tímabundinni ógleði og svima, er vægasta form heilaáverka. Það að rotast, vera með skerta meðvitund eða meðvitundarlaus um tíma og muna ekki eftir því sem gerðist og tímabili þar á eftir, eru vísbendingar um alvarlegri heilaáverka.

Jafnvel létt höfuðhögg getur komið hreyfingu á vefi heilans, en sem betur fer þolir heilinn höfuðhögg að ákveðnu marki. Þyngri höfuðhögg valda meira álagi á heilafrumur og heilavef og tognun og snúningi á taugasímum og taugabrautum. Höfuðhögg sem valda heilahristingi og endurtekin léttari höfuðhögg á stuttu tímabili koma af stað röð sjúklegra efnafræðilegra og lífeðlisfræðilegra breytinga í taugafrumum, taugasímum og taugaendum heilans. Þegar heilaáverkinn er vægur og einstaklingurinn gætir þess að ofreyna sig ekki eftir áverka, er batinn oft góður og einstaklingurinn virðist ná sér að fullu á nokkrum dögum eða vikum. Þegar höggið er þyngra eða endurtekið eru auknar líkur til þess að sjúklegar breytingar á heilavef og taugasímum leiði til varanlegs heilaskaða og þrálátra einkenna. Langtímaafleiðingar heilaáverka og heilaskaða geta verið líkamlegar (t.d. höfuðverkur, þreyta og svimi), hugrænar (t.d. minnis- og einbeitingarerfiðleikar) og snert líðan (t.d. kvíði, depurð eða reiði) og atferli og aðlögun (t.d. pirringur eða hvatvísi). Slíkar afleiðingar hafa áhrif á flesta þætti daglegs lífs.

Í sumum tilfellum má sjá vísbendingar um heilaskaða á heilasneiðmynd eða segulómun af heila í formi heilamars eða blæðingar í heila eða heilahimnum. Í öðrum tilfellum getur heilaskaði verið til staðar, þótt hann sjáist ekki með þessum hefðbundnu myndgreiningartækjum. Þegar grunur vaknar um heilaskaða af völdum höfuðhöggs og heilaáverka, en niðurstöður hefðbundinnar myndgreiningar eða annarra læknisfræðilegra rannsókna eru ekki afgerandi, er rétt að tala um mismiklar líkur á heilaskaða fremur en vissu. Þyngd höfuðhöggs og fjöldi heilaáverka eru breytur sem hafa forspá um afleiðingar til lengri tíma.

Það skiptir miklu máli að greina og skrá heilaáverka á bráðadeild eða innlagnardeild og meta alvarleika, batahorfur og þörf fyrir íhlutun og eftirfylgd. Vangreining eða vanmat á alvarleika og afleiðingum heilaáverka og heilaskaða getur m.a. leitt til þess að sjúklingar hljóti ekki sérhæft mat, íhlutun og endurhæfingu, meðferð, þjálfun og eftirfylgd við hæfi. Einnig gerir það sjúklingum erfitt fyrir að leita réttar síns hvað snertir trygginga- og skaðabætur. Líklegt er að ef við felum, vangreinum eða vanmetum vanda þess hóps sjúklinga sem tekst á við afleiðingar heilaskaða, tefji það uppbyggingu og þróun sérhæfðra endurhæfingar- og þjónustuúrræða.